

Go to Sheep ehf.  
Sólvallagötu 29  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. ágúst 2019  
UST201907-170/F.P.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Hraunsvatn í Öxnadal**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Go to Sheep ehf. dagsett 18.07.2019, um leyfi til kvikmyndatöku við Hraunsvatn innan Hrauns í Öxnadal.

Hraun í Öxnadal er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B, nr. 534/2007. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og aðrar náttúruminjar í fólkvanginum.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Hraunsvatn í Öxnadal. Ekki er búið að ákveða nákvæma dagsetningu á kvikmyndatökunum á svæðinu, en þær munu fara fram á tímabilinu 18-26. ágúst, í einn til two daga. Tökurnar fara fram við vatnið. Fjöldi starfsmanna er 30. Björgunarsveit verður einnig á svæðinu, m.a. til að aðstoða við burð á tækjum og leikmunum. Eftirfarandi búnaður er notaður við tökurnar: Arri Alexa Mini kvikmyndatökuvél, linsur, þrifótur og standar fyrir flögg. Leikmunir eru tveir bátar: árabátur úr tré og gúmmibátur. Við tökurnar verða 1-3 kindur notaðar, en notkun þeirra er háð leyfi frá Matvælastofnun. Ekki er þörf á uppsetningu tjaldbúða eða salernisaðstöðu. Verkefnið krefst takmörkunar á umferð á svæðinu á meðan á tökum stendur.

#### **Niðurstaða:**

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um svæðið sbr. auglýsing um friðlýsing og stjórnunar- og verndaráætlun að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 6. gr. laga nr. 60/2013 um almenna aðgæsluskyldu þar sem fram kemur að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrastu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

**Leiðbeiningar**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tökunum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Freyja Pétursdóttir  
sérfraeðingur